

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 27. janúar 2014  
Tilvísun: UST20131100051/gsá

### Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dagsett 20. desember 2013, þar sem áformað var að áminna **urðunarstað sveitarfélagsins Hornafjarðar, í Lóni**, vegna fimm frávíka frá starfsleyfi sem fram komu við reglubundið eftirlit þann 12. október sl.

Eru frávikin eftirfarandi:

- Neyðaráætlun skv. grein 1.7 lá ekki fyrir.
- Ummerki voru um að fé kæmist inn á urðunarstaðinn sem er frávik frá grein 2.1. í starfsleyfi.
- Laust efni var á nokkrum stöðum um svæðið, bæði grófur úrgangur og heimilisúrgangur, sem er frávik frá grein 2.1 í starfsleyfi.
- Rekstraraðili hefur ekki sett starfseminni umhverfismarkmið sem er frávik frá grein 2.3 í starfsleyfi.
- Haugur af grófu salti var á urðunarstaðnum og í honum allmikið af fiskúrgangi sem dró að sér vargfugl, sem er frávik frá grein 4.3 í starfsleyfi.

Í bréfinu frá 20. desember sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir tímasettri áætlun rekstraraðila um úrbætur á þessum frávikum og var farið fram á að áætlunin bærist stofnuninni eigi síðar en **15. janúar 2014**.

Umhverfisstofnun hefur enn ekki hefur borist tímasettri úrbótaáætlun né staðfesting á því úrbótum á ofangreindum frávikum sé lokið. Stofnunin veitir því urðunarstað sveitarfélagsins Hornafjarðar, í Lóni, áminningu, sbr. 2.mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun veitir urðunarstað sveitarfélagsins Hornafjarðar, í Lóni frest til að senda inn áætlun um úrbætur til og með 11. febrúar 2014.

Sinni urðunarstaður sveitarfélagsins Hornafjarðar, í Lóni ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.


Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 261/2012, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við G. Steltu Árnadóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [gstella@ust.is](mailto:gstella@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

